

Verði afhending gjaldskyldra vara með öðrum hætti en að framan greinir, er heimilt að svipta framleiðanda leyfi til vörugerðar um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, svo og stöðva afhendingu vara innflytjanda, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessarri.

12. gr.

Óheimilt er að taka við innlendum gjaldskyldum framleiðsluvörum, sem ætlaðar eru til endursölu, nema þær séu merktar framleiðanda og þeim fylgi auðkenndur vörureikningur í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Þá er og óheimilt að taka við innfluttum gjaldskyldum vörum til smásöludreifingar nema fullnægt hafi verið ákvæðum reglugerðar þessarar um nákvæma útfyllingu vörureiknings, enda sé hann auðkenndur í samræmi við ákvæði 11. gr.

Ef aðili verður uppvís að því, að taka á móti gjaldskyldri vöru á vörureikningi, sem ekki er auðkenndur í samræmi við ákvæði 11. gr. eða án vörureiknings, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald. Með gildistöku reglugerðar þessarar er felld úr gildi reglugerð nr. 41 1. marz 1968 um gjöld af innlendum tollvörutegundum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. febrúar 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1972 á svæðum, sem takmarkast af línunum, sem dregnar eru þannig:

1. Að austan er dregin lína í réttvísandi suður frá Þjórsárósi í punkt 63°34' N og 20°48' V og þaðan í punkt 63°34' N og 21°26' V, síðan í vesturátt gegnum eftirgreinda punkta:

- | | |
|--------------|-----------|
| 1. 63°41'2 N | 21°45'5 V |
| 2. 63°41'2 N | 22°21'0 V |
| 3. 63°34'5 N | 23°03'5 V |

og þaðan í réttvísandi 033° í Reykjanesvita. Þó skal skipum allt að 105 brl. heimilt og veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugnum 21°57' V og 22°32' V og þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. Að norðan er dregin lína í réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan í réttvísandi vestur frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislinunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.